

Ed.

165. Breytingartillögur

við frv. til l. um framlög til kynnisferða sveitafólks.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „ $\frac{1}{2}\%$ “ komi: $\frac{1}{4}\%$.
2. Við 3. gr.
 - a. Við a-lið. Í stað orðanna „sem seldar eru frá“ komi: sem seldar eru í heildsölu frá bændum eða.
 - b. Við b-lið. Liðurinn orðist þannig: Allt kjöt, sem selt er á innlendum eða erlendum markaði, og miðast hundraðsgjaldið við það verð, sem framleiðandi fær greitt að frádregnum kostnaði.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Gjöld til ferðasjóðs skal innheimta á sama hátt og tekjur ríkissjóðs. Ber þeim, sem kaupa afurðirnar eða annast sölu á þeim, að greiða þau á sama tíma og sjálfa vöruna, enda dragist þau frá útborguðu afurðaverði til framleiðenda. Skal féð afhent í lok hvers árs til Búnaðarfélags Íslands ásamt jafnháu framlagi til ferðasjóðsins úr ríkissjóði, sbr. þó síðustu málsgr. þessarar gr. Búnaðarfélagið skiptir síðan 80% af tekjunum, sem sjóðnum hafa þannig verið greiddar, fyrir 1. marz ár hvert samkv. 5. gr. Afganginn skal geyma sem stofnfé sjóðsins.

Jafnskjólt sem sjóðurinn fær vaxtatekjur af stofnfénu, skal ríkissjóðsframlagið skert sem svarar þeim tekjum, svo að þær og ríkissjóðsframlagið verði ávallt jafnt öðrum tekjum sjóðsins. Þegar vaxtatekjurnar einar eru jafnháar eða meiri en framlög framleiðenda til sjóðsins, má verja öllum árstekjunum samkv. 5. gr.
4. Við 5. gr., 1. málsl. Á eftir orðunum „tekjum ferðasjóðs“ komi: samkv. 4. gr.